

Lesið vandlega!
Ekki nauðsynlegt
að fylla út.

Útbúnaðarlisti

vegna dvalar við Ástjörn sumarið 2024

Merkið með númeri allt, sem barnið er í og kemur með.

En ef fót barnsins eru þegar merkt með fullu nafni þess, þá ætti það að nægja.

Peir foreldrar sem vilja geta skráð þau fót sem barnið fer með og notað listann til að fara yfir töskuna við heimkomu.

Útfillanlegt PDF skjal.
Ef þið viljið má fylla út og vista
í PDF-forriti (ekki í vafra)

Gögn um dvölinu eru hér:
astjorn.is/gogn

Nafn barns: _____ Fatanúmer (Ástj.nr.): _____

Vinsamlegast, setjið eftirfarandi hluti í **ferðatösku** sem verður **GEYMD Í ÞVOTTAHÚSINU**:

(Starfsfólk í þvottahúsi er til reiðu að afgreiða fatnað eftir því sem börnin hafa þörf á.)

Vinsamlegast, **komið ekki með of stóra eða þunga tösku**, vegna aðstöðu starfsmanna í þvottahúsi.

Fjöldi	Heiti	Nánari lýsing (t.d. litur, munstur o.s.frv.)
	BUXUR	
	PEYSUR	
	NÆRBUXUR	
	STUTTERMABOLIR (með eða án erma)	
	STUTTBUXUR / SUNDFÖT	
	ÚLPA / STAKKAR	
	REGNFATNAÐUR	
	ULLARFATNAÐUR: Sokkar, vettlingar, húfa, trefill, eyrnaband.	
	ÝMISLEGT Hanskar og íþróttasokkar.	
	SKÓTAU: Stígvél, gúmmískór, knattspyrnuskór, strigaskór.	

Vinsamlegast, setjið eftirfarandi hluti í litla **handtösku** sem **barnið geymir við RÚMIÐ SITT**:

	SNYRTIVÖRUR Tannbursti, tannkrem o.fl.	
	NÁTTFÖT	
	INNISKÓR	
	Nýja testamenti eða Biblía	

Munið að merkja fötin, sem barnið kemur í!

Nánari upplýsingar í síma 462 3980 eða astjorn@gmail.com

SNÚ!

FRAMHLIÐ

Nánari upplýsingar um útbúnað

Við Ástjörn er þvottahús, sem er búið góðum tækjum. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að senda mikið af fötum. Þó eru börn misjöfn og sum eru oft blaut og óhrein. Hér fyrir neðan er upptalning á því, sem allir ættu að hafa með sér.

- Að minnsta kosti 3 alfatnaðir (*fer þó eftir lengd dvalartíma*): Buxur, peysur, bolir og nærbuxur. Þeir sem eiga til að væta rúm verða að gæta þess að taka nóg af nærfötum með sér. Munið að taka fram á bakhlið *Upplýsingaseðils* ef barnið vætir rúm (óþarfi að koma með pissudúk, hann er til á staðnum).
- Húfa, vettlingar, trefill, ullarsokkar, hlý peysa, vatnspétt úlpa eða regngalli. Á Fróni er allra veðra von.
- Góður skófatnaður: 2-3 pör af strigaskóm/gúmmískóm og stígvél. Gleymið ekki inniskóm!
- Sundföt. Í góðu veðri er gaman að svamla í tjörninni.
- Snyrtivörur (tannbursti, tannkrem, greiða o.s.frv.)

Sokkasafn Ástjarnar

Það er með öllu óframkvæmanlegt að merkja alla sokka og para saman eftir þvott. Því höfum við sameiginlegt sokkasafn fyrir börnin þar sem hvert barn leggur 1-2 pör í safnið. **Sendið barnið því með 1-2 pör af sokkum sem koma ekki heim með barninu. Á móti getur barnið skipt um sokka eins oft og þörf krefur.** Sendið því barnið ekki í eða með sokka, sem það má ekki missa. **Athugið að ullar-, íþrótt- og heimferðarsokkar eru undanþegnir þessu.**

Lítil handtaska

Við mælum með því að barnið hafi litla handtösku meðferðis, sem það geymir sjálft við rúmið sitt (sjá framhlið). Í henni er mjög gott að geyma snyrtivörur, náttföt og inniskó. Allur annar farangur er geymdur í þvottahúsinu og fá börnin afhentan þar fatnað eftir því sem þörf er á.

Verðmæta hluti eins og myndavél o.fl. er gott að geyma hjá sér í læstri handtösku eða geyma það í tösku barnsins í þvottahúsinu. Ekki er tekin ábyrgð á eigum barnanna en ef nauðsyn krefur er hægt að geyma verðmæta hluti hjá starfsmönnum, sem bera þá ábyrgð á þeim.

Heimferðarföt

Börn fá hrein föt daginn fyrir heimferð. Vinsamlegast setjið heimferðarföt í poka: Buxur, peysu, bol, nærbuxur og sokka (e.t.v. einnig skó), lokið pokanum og merkið FERÐAFÖT + NAFN BARNIS OG FATANR.

Ýmsar hagnýtar upplýsingar

Ef systkini koma saman þá vinsamlega hafið ekki fötin þeirra saman í einni tösku heldur í sitt hvorri töskunni. Það flýtir fyrir afgreiðslu í þvottahúsinu.

Við Ástjörn er ekki leyfilegt að vera með hljómflytningstæki vegna þess ónæðis sem þeim fylgir. Þeir, sem geta ekki án tónlistarinnar verið, mega taka með sér lítinn tónlistarspilara með heyrnartólum.

Tölvuspil, tölvur, farsímar og snjallúr eru ekki leyfð.

Á leiðinni til og frá Ástjörn er ekki stoppað í sjoppu til að versla, og meðan á dvölinni stendur er ekki hægt að kaupa sælgæti, hins vegar fá allir sælgæti afhent 1-2 sinnum í flokki. Þess vegna er óþarfi að taka með sér vasapening til Ástjarnar. Ef barnið á hinn bóginn tekur pening með af öðrum ástæðum, þá er best að setja þann pening í umslag (*hægt að prenta út meðfylgjandi umslag í PDF skjali*) og merkja það nafni og nr. barnsins, og afhenda okkur það við brottför til Ástjarnar. Við munum geyma vasapening á öruggum stað fram að heimferð.

Það getur verið sniðugt að taka með sér myndavél og einnig aukarafhlöður. Munið að merkja allt!

Í tjörninni eru hornsíli en ekki er nauðsynlegt að hafa háf meðferðis því Ástjörn leggur þá til.

Allur nærfatnaður er þveginn á suðu. Vinsamlegast, sendið ekki viðkvæm nærföt.

Það sem þarf **EKKI** að senda með barninu

Eftirtaldir hlutir eru á staðnum: Sæng, koddí, sængurföt, rúmföt, handklæði, þvottapokar, sápa og sjampó.